



Tálknafjörður

Fundur haldinn í skólanefnd 3.júlí 2006 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps,
Miðtúni 1, kl. 17.00

Mætt undirrituð og fyrirtekið

1. Umsóknir um kennarastarf.

Tvær umsóknir lágu fyrir frá Muruvvet Basaran sem er með leyfi til að kenna í framhalds- og grunnskólum og frá Jóni Sveinssyni hann hefur ekki réttindi til kennslu, hann hefur áður sótt um stöðu við skólann. Fyrirspurn kom í vetur frá kennurum í Ólafsvík en þau hafa ekki sótt formlega um stöðu en þau hafa ekki gefið neikvætt svar ennþá en við viljum bíða eftir svari frá þeim þar sem þau eru réttinda kennarar. Afstaða ekki tekin til umsókna núna.

2. Skólamáltíðir

Mötuneyti við skólann kom til umræðu og var ákveðið að skora á sveitarstjórn að ákveða hvernig fyrirkomulag verði á þeim málum, en við erum einróma um það í nefndinni að það sé nauðsynlegt að hafa skólamáltíðir.

3. Þrif í skólanum

Þrif í skólanum komu einnig til tals og var ákveðið að það færi einnig til sveitarstjórnar til vinnslu.

Ekki fleira fyrirtekið.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóma. Fundi slitið kl. 18:00

Guðlaug S. Björnsdóttir
Gestrún Sveinsdóttir
Ingólfur Kjartansson
Kristrún A. Guðjónsdóttir
Sigurlaug Guðmundsdóttir